



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifí í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil *Hotel California* *The Eagles*

Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Söngur: Kammerkór Akraneskirkju
Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir
Þverflauta: Rut Berg Guðmundsdóttir
Útfararþjónusta Akraneskirkju
Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug



Lóa Guðrún *Gísladóttir*

Fædd 29. maí 1934
Dáin 8. desember 2021



Útför frá Akraneskirkju
föstudaginn 17. desember 2021

Forspil
Ave María
Schubert

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarorð

Undir bláhimni blíðsumars nætur barstu' í arma mér rósfagra mey. Þar sem döggin í grasinu grætur, gárást tjömin í suðrænum þey. Ég var snortinn af yndisleik þínum ástarþráin er vonunum felld. Þú er ljósblík á lífshimni mínum þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.	Ég vil dansa við þig, meðan dunar þetta draumblíða lag, sem ég ann Meðan fjörið í æðunum funar og af fögnuði hjartans, er brann. Að dansa dáltt, það er gaman uns dagur í austrinu rís. Þá leiðumst við syngjandi saman út í sumarsins paradís. <i>Joe Lyons, Sam C. Hart. - Magnús Kr. Gíslason frá Vöglum</i>
--	---



Ritningarorð

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Með landnemunum sigldi hún um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð
hún var ástkonan rjóð
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpræðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnauð ár
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarfýr.

Ó, hún er ást, hrein og tær
Hún er alvaldi kær.
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögd er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.
Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,
sem ann þér og þér helgar sitt líf.
Billy Joel - Ómar Ragnarsson

Guðspjall

Einsöngur
Allt mitt líf

Umberto Bindi - Ólafur Gaukur Þórhallsson



Minningarorð

Einsöngur
Kveðja
Bubbi Morthens

Bæn

Einsöngur
Mary's boy child
Jester Hairston

Faðir vor

Í bljúgri bæn og þökk til þín, sem þekkir mig og verkin mín. Ég leita þín, Guð leiddu mig og lýstu mér um ævistig.	Ég reika oft á rangri leið, sú rétta virðist aldrei greið. Ég geri margt, sem miður fer, og man svo sjaldan eftir þér.
---	---

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.
Amerískt þjóðlag - Pétur Þórarinnsson